

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 13. júní 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Grunnskólinn***a) Kennslutímafjöldi*

Ingibergur Guðmundsson, skólastjóri mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið og skýrði nánar tillögu sína um áætlaðan kennslutímafjölda vegna skólaársins 2005-2006. Samtals er gert ráð fyrir 375 kennslustundum /viku en þar af verði 39 kest. vegna sérkennslu og aðstoðar við heimanám. Um er að ræða minnkun um 10 kest. miðað við yfirstandandi skólaár. Umræður urðu um kennslutímafjöldann og forsendur hans en tillaga skólastjóra var síðan samþykkt samhljóða.

b) Staða ráðningamála

Ingibergur skýrði stöðu ráðningamála við skólann en eftir er að ráða í um 5 stöður. Talsverð umræða varð um skólann og ráðningamál kennara.

Oddviti fyrir hönd hreppsnefndar þakkaði skólastjóra störf hans í þágu sveitarfélagsins en Ingibergur lætur af störfum 1. ágúst nk.

2. Framkvæmdir 2005-2006*Höfnin:*

Fyrir fundinum lá fundargerð hafnarnefndar 6. júní 2005, kostnaðaráætlun Siglingastofnunar v. framkvæmda við höfnina 2005-2006 og samgönguáætlun, kafla 3.2 þar sem fjárveitingar til hafnargerðar eru skilgreindar. Hreppsnefnd ræddi helstu niðurstöður þessara gagna og hvaða kostir séu í stöðunni en nokkrir möguleikar á framtíðarskipulagi hafnarinnar hafa verið til umfjöllunar í tengslum við að fyrirliggjandi er að endubýggja þurfi svonefndan Ásgarð. Hreppsnefnd ákvað að eiga fund með hafnarnefnd og hagsmunaaðilum hafnarinnar til að fara yfir framtíðarskipulag hennar. Samþykkt að óska eftir við Siglingastofnun að dýpkun hafnarinnar verði boðin út.

Aðrar framkvæmdir:

Sveitarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda og skýrði m.a. hugmyndir um hvernig minigolfvelli verði komið fyrir, áætlun um framkvæmdir við sparkvöll og gatnagerð sem framkvæmd verður í sumar.

3. Bréf:*a) Sjávarútvegsráðuneytisins, 7. júní 2005.*

Í bréfinu er sveitarstjórnin gefin kostur á að sækja um byggðakvóta vegna næst fiskveiðiárs. Sveitarstjóri var falið að sækja um byggðakvóta.

b) *Sjávarútvegsráðuneytisins, 6. júní 2005.*
Bréfið var til kynningar.

c) *Ungmennasambands Austur Húnavetninga, 7. júní 2005.*
Í bréfinu sækir USAH um rekstrarstyrk fyrir starfsárið 2005. Hreppsnefnd samþykkti fjárframlag í samræmi við fjárhagsáætlun.

4. Fundargerðir:

a) *Húsnæðisnefndar, 9. júní 2005.*
Fundargerðin var samþykkt.

b) *Heilbrigðisnefndar Norðurl. vestra 8. júní 2005.*
Fundargerðin var til kynningar.

c) *Stjórnar SSNV, 13. apríl 2005.*
Fundargerðin var til kynningar.

d) *Stjórnar SSNV, 10. maí 2005.*
Fundargerðin var til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 9⁵⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir